



Tollstjórinn í Reykjavík

DIRECTORATE OF CUSTOMS

Tilkynning til útflytjenda nr. 3/2005

Efni: Einfölduð gerð útflutningsskýrsla vegna smásendinga

Embætti tollstjórans í Reykjavík tilkynnir að ákveðið hefur verið að heimila útflutning á tilteknum *smásendingum* sem fluttar eru frá landinu með *póstverslun*, til *einstaklinga*, gegn framlagningu einfaldaðrar útflutningsskýrslu.

Í einfaldri gerð útflutningsskýrslu felst að ekki er gerð krafa um að útflutningsskýrslu sé skilað til tollstjóra, með hverri sendingu fyrir sig, heldur skal upplýsingum um útflutninginn skilað til tollstjóra á tveggja mánaða fresti, eftir nánari fyrirmælum.

Ofangreind heimild tekur einungis til þeirra aðila (einstaklinga/lögaðila) sem stunda smásölu á vöru til útflutnings í *atvinnuskyni*, með *póstverslun*, til *einstaklinga*, ef söluverðmæti hvernar vörusendingar fyrir sig, er að hámarki 20.000 krónur eða minna.

Sækja þarf skriflega um heimild til tollafgreiðslu með þessum hætti til tollstjórans í Reykjavík. Umsóknareyðublöð fást hjá upplýsingafulltrúum tollstjórans í Reykjavík, Tryggvagötu 19, 5. hæð og á heimasíðu embættisins www.tollur.is undir tenglinum *Eyðublöð* eða með því að [smella hér](#). Tollstjórinn í Reykjavík mun tilkynna pósthlutningsaðilum og tollstjórum á landsvísu um þá aðila sem hlotið hafa heimild til tollafgreiðslu með einfaldari hætti.

Leyfishafi ábyrgist með undirritun sinni á umsóknareyðublað *fullkomin skil á útflutningsskýrslum* og að allar þær upplýsingar sem þar koma fram séu *réttar* og lögum samkvæmt. Leyfishafi ábyrgist jafnframt að *söluverðmæti* hvernar vörusendingar sem flutt verður út með einfaldari hætti, sé að hámarki 20.000 ISK og að um *smásölu* sé að ræða til *einstaklings*. Leyfishafi ábyrgist einnig að gerð verði einfölduð útflutningsskýrsla fyrir hvert uppgjörstímabil *eigi síðar en 15. dag næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils*. Hvert uppgjörstímabil er tveir mánuðir, janúar og febrúar, mars og apríl, maí og júní, júlí og ágúst, september og október, nóvember og desember. Leyfishafi skal hafa *frumkvæði* að gerð einfaldaðrar útflutningsskýrslu að loknu hverju uppgjörstímabili. Með útflutningsskýrslu skal útflytjandi geyma lista yfir útflyttar smásendingar.

Útflutningsskýrsla skal afgreidd með SMT/VEF-tollafgreiðslu uppfylli útflytjandi skilyrði til að afgreiða með þeim hætti, þ.e. hann hafi tilkynnt Hagstofu Íslands um atvinnustarfsemi sína og sé á fyrirtækjaskrá, sbr. lög nr. 62/1969, um fyrirtækjaskrá eða ef um einstakling er að ræða sem stunda atvinnurekstur, skal hann að minnsta



kosti hafa framkvæmt 12 tollafgreiðslur í atvinnuskyni á síðustu 12 mánuðum áður en leyfi til SMT-/VEF-tollafgreiðslu er veitt, sbr. reglugerð nr. 858/2000, með síðari breytingum, um SMT tollafgreiðslu. Athygli er vakin á því að þeim sem uppfylla framangreind skilyrði er óheimilt að tollafgreiða á pappír.

Stofnun sendingarnúmers og gerð útflutningsskýrslu er um margt frábrugðin hefðbundnum útflutningi og verður það skýrt hér á eftir. Einnig er það frábrugðið að með útflutningsskýrslu þarf að fylgja *listi yfir útfluttar sendingar*.

Heimild fjármálaráðuneytis til afgreiðslu með framangreindum hætti var veitt þann 6. febrúar 2004. Þeim sem uppfylltu framangreind skilyrði á þeim tíma og hafa fengið heimild skv. bréfi þessu er heimilt að tollafgreiða smásendingar frá þeim tíma með framangreindum hætti. *Geta skal þess sérstaklega þegar óskað er eftir sendingarnúmerum til úthlutunar.*

1. SENDINGARNÚMERUM ÚTHLUTAÐ

1.1. FYRIRTÆKI SÆKIR UM SENDINGARNÚMER

Fyrirtæki sækir um sendingarnúmer fyrir hvert uppgjörstímabil. Þegar búið er að úthluta sendingarnúmerum, þ.e. skrá farmskrá, fyrir tiltekið uppgjörstímabil þarf tollstjóri að senda fyrirtækinu upplýsingar um sendingarnúmerin. Senda skal beiðni um sendingarnúmer á netfangið: **farmskra@tollur.is**. Upplýsingar um sendingarnúmer verða send útflytjanda til baka með tölvupósti.

1.2. Tollalínan

Fyrirgreint fyrirkomulag verður þó einungis við lýði til að byrja með. Þegar fram í sækir er gert ráð fyrir að þessi verkþáttur verði hluti af nýrri tollalínu, sem verið er að hanna um þessar mundir. Þar verður hægt að sækja um að fá sendingarnúmerum úthlutað og síðan getur fyrirtækið skoðað úthlutað sendingarnúmer í tollalínunni.

2. FARMSKRÁ OG ATRIÐI TENGD HENNI

2.1. ALMENNT

1. Gerð verður farmskrá fyrir hverja útflutningsskýrslu. Skýrsla verður því í stöðunni *Farmskrá* þegar hún kemur útfyllt inn í Tollakerfið, hvort sem það verður EDI-, VEF- eða pappírsskýrsla.
2. Notað verði sérstakt tákn í sendingarnúmeri og verður það bókstafurinn *T*.
3. Notað verði sérstakt far vegna smásendinga, *SMA*.

2.2. REGLUR UM SENDINGARNÚMER

2.2.1. TÁKN FARS

Tákn fars verður alltaf *T*.



2.2.2. FAR

Far verður alltaf *SMA*. Búið er að stofna farið í Tollakerfinu.

2.2.3. SENDINGARDAGSETNING

Sendingardagsetning verður alltaf síðasti dagur þess uppgjörstímabils sem útflutningsskýrslan tekur til.

3. ÚTFYLLING ÚTFLUTNINGSSKÝRSLU VEGNA SMÁSENDINGA

3.1. PÓSTSENDING / ALMENN SENDING

Velja á í reit 1 *Almenn sending*.

3.2. EINSTAKIR REITIR

3.2.1. REITUR 1. SKÝRSLA. FYRRI HLUTI: MARKAÐSSVÆÐI

Hvað á að gera ef hluti sendinga fer á markaðssvæði EU og hluti á markaðssvæði EX? Hópa skal saman sendingum í reit 17a þannig að land í reit 17a ræður því hvaða markaðssvæði er valið.

3.2.2. REITUR 8. VIÐTAKANDI: LÍNA 1

Hér á alltaf að slá inn *Póstverslun til einstaklinga*.

3.2.2. REITUR 8. VIÐTAKANDI: LÍNA 2

Þegar skýrsla er fyllt út á vef, er þess krafist að skráð sé í þessa línu. Hér á að skrá *Ýmsir staðir*.

3.2.3. REITUR 11. VIÐSKIPTALAND / FRAMLEIÐSLULAND

Hér dugar að nefna það land sem mest er selt til í viðkomandi uppgjöri.

3.2.4. Reitur 17a. Ákvörðunarland

Í reit 17a verður að koma fram réttur lykill ákvörðunarlands sem leiðir til þess að hópa verður saman í útflutningsskýrslu eftir lykli ákvörðunarlands. Þetta getur þýtt það að gera verður fleiri en eina tollskýrslu vegna viðkomandi uppgjörstímabils, þ.e. ef ákvörðunarlönd tímabilsins eru fleiri en eitt. Gera þarf því jafnmargar útflutningsskýrslur og ákvörðunarlöndin eru mörg. Það er krafa Hagstofunnar að umræddar upplýsingar liggi fyrir.

3.2.5. REITUR 20. AFHENDINGARSKILMÁLAR

Hér skal nota “hæsta stig” afhendingarskilmála þeirra sendinga sem skýrslan tekur til. Afhendingarskilmálar verða *CIF* í 99% tilfella.

3.2.6. REITUR 22. MYNT OG HEILDARFJÁRHÆÐ REIKNINGS

Í reit 22 getur það gerst að tvær sendingar fari til sama viðtökulands en viðskiptalöndin séu mismunandi. Komi þetta fyrir á að nota þá mynt sem mestu verðmætin eru fólgin í, þ.e. hér á að nefna mynt þess lands sem mest er selt til í viðkomandi uppgjöri.



3.2.7 REITUR 25. FLUTNINGSMÁTI YFIR LANDAMÆRI

Hér skal skrá lykिलinn 40.

3.2.8 Reitir 26. Viðtökunúmer

Engin viðtökunúmer verða í útflutningsskýrslum vegna smásendinga.

3.2.9 REITUR 34A. LYKILL UPPRUNALANDS

Hér skal skrá IS

3.2.10 REITUR 44. REIKNINGSNÚMER

Í reit 44 skal vísa til fjölda reikninga sem liggja að baki viðkomandi einfaldaðri útflutningsskýrslu. Auk þess skal vísa til heimildarnúmers.

3.3 SÝNISHORN AF SKÝRSLU

ÚTFLUTNINGSSKÝRSLA		VEF-tollafgreiðsla	
Almenn sending		Skýrsla nr. 373	
		Útgáfa nr. 1	
		Staða: í vinnslu á vef	
2 Sendandi/Útflyjandi	1 Skýrsla	6 Stýðjatala	7 Tilvísunarnúmer
Tollstjóraembættið	EU-US	20.5.2005	7
Tryggvagötu 19	17a Lykill áskv. land	19 Gámar	20 Afhendingarskiðmálar/staður
101 Reykjavík	DK	0	CIF
Kt. 650269-7649	21 Auðkenni og ljóðerni viðs flutningsfars við flutning yfir landamæri	19 Gámar	Árósar
	Tákn. Far	Dags	Mán. Ár
	Sendnr: T SMA	30 06 5	IS REY
8 Viðtakandi/Nafn og heimilisfang	22 Mynt og heildarfj. reikn.	28 Eignamála og bankaupplýsingar	
Póstverslun til einstaklinga	ISK	Eftuningsgjald:	-500
Ýmsir staðir	15.000	Vátrygging:	-150
	24 Tegund viðskipta	Erlend umbættlam:	0
	1	Annar kostnaður:	0
	25 Eftuningsmáti yfir landamæri		
	40		
	26 Viðtökunúmer		
26 Viðtökunúmer - framhald			
31 Stýddi og vörulýsing	32 Vöruliður	33 Vörunúmer	34a Lykill upprunaland
Vörulýsing	1	490900 01	IS
Meðli og númer	35 Fyngd bruttó (kg)		37 Tollmeðferð
Tala og gerð pakðninga	3		10
Gámanúmer	38 Fyngd nettó (kg)		
	2		
44 Viðbótarupplýsingar/Framlögð skjöl/Vottorð og leyfi	41 Magn í annarri einingu		
Reikningsnúmer	PRO(prósenta)	STK(stýddi)	LIT(litrar)
123456	RUM(rúmmetrar)	NET(NetiNetfþyngd)	PAR(paratala)
Skírteini, leyfi og vottorð	46 Hagskýrshverð		
	4.350		
31 Gámanúmer - framhald	44 Reikningsnúmer - framhald	44 Skírteini, leyfi og vottorð - framhald	
31 Stýddi og vörulýsing	32 Vöruliður	33 Vörunúmer	34a Lykill upprunaland
Vörulýsing	2	170490 06	IS
Meðli og númer	35 Fyngd bruttó (kg)		37 Tollmeðferð
Tala og gerð pakðninga	6		10
Gámanúmer	38 Fyngd nettó (kg)		
	5		
44 Viðbótarupplýsingar/Framlögð skjöl/Vottorð og leyfi	41 Magn í annarri einingu		
Reikningsnúmer	PRO(prósenta)	STK(stýddi)	LIT(litrar)
6789	RUM(rúmmetrar)	NET(NetiNetfþyngd)	PAR(paratala)
Skírteini, leyfi og vottorð	46 Hagskýrshverð		
	10.000		
31 Gámanúmer - framhald	44 Reikningsnúmer - framhald	44 Skírteini, leyfi og vottorð - framhald	
54 Nafn og kennitala skýrslugjafa/umbösaðila:			



Að öðru leyti þarf að koma fram vörulýsing, útflutningsdagur, útflutningsland, tollskrárnúmer, söluverð, flutningskostnaður og þyngd vöru. Þá skal koma fram samtala söluverðs, flutningskostnaðar og þyngdar. Allir reitir útflutningsskýrslu skulu því útfylltir.

Sendingar skulu flokkaðar í línur í útflutningsskýrslu eftir *tollflokk* og *viðskiptalandi*, þ.e. sérstök lína fyrir hvern tollflokk og ef um fleiri en eitt ákvörðunarland/viðskiptaland er að ræða þarf jafnframt sérstaka línu fyrir hvert ákvörðunarland.

Leyfishafi skal halda eftir *afriti reikninga* vegna sölunnar og skulu þeir ávallt vera tollstjóra aðgengilegir vegna eftirlits.

Á lista sem skal vera fylgiskjal útflutningsskýrslu skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram um hverja einstaka sölu; Viðskiptaland, verðmæti, númer reiknings og dagsetning hans.

Tollyfirvöld skulu hafa aðgang að bókhaldi fyrirtækis eða stofnunar til þess að staðreyna þær upplýsingar sem fram koma í útflutningsskýrslum og öðrum tollskjölum sem henni tengjast.

Ekki er heimilt að tollafgreiða vörur sem seldar eru úr landi í *heildsölu* og ætlaðar eru til endursölu erlendis, með framangreindum hætti.

Tollstjóri getur synjað um tollmeðferð samkvæmt bréfi þessu ef eigi er fylgt ofangreindum fyrirmælum.

Tollstjóri áskilur sér rétt til að afturkalla leyfi til útflutnings á smásendingum í pósti án útflutningsskýrslu, brjóti leyfishafi á einhvern hátt gegn skilyrðum þeim sem sett eru fyrir tollafgreiðslu með einfaldaðri hætti.

Kjósi leyfishafi að nýta sér ekki einfaldaða gerð útflutningsskýrslu heldur senda vörusendingu úr landi með hefðbundnum hætti þannig að sendingarnúmer myndast í tollakerfi tollstjóra, eða viðtökunúmer í pósti er honum skylt sem útflytjanda að skila tollstjóra útflutningsskýrslu með hefðbundnum hætti. Um ábyrgð á skilum útflutningsskýrslu vísast að öðru leyti til tollalaga og reglna settra samkvæmt þeim.

Athygli er vakin á að tollmeðferð skv. framansögðu breytir ekki kröfu um staðfestingu tollgæslu vegna sérstakrar tollmeðferðar svo sem vegna endursendingar.

Ákvörðun þessi gildir frá dagsetningu bréfs þessa, þar til annað verður ákveðið.

27. júní 2005,

Tollstjórinn í Reykjavík